



Alvarlegar afleiðingar og dánartíðni sjúkdóma sem bólusettt er gegn.



Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

Embætti landlæknis

Sjúkdómur	Alvarlegar afleiðingar	Dánartíðni
Barnaveiki (<i>Diphtheria</i>)	Lokun öndunarvegjar. Eitur bakteríunnar hefur skaðleg áhrif á hjartavöðva, nýru og taugakerfi.	Allt að 10% þeirra sem sýkjast.
Haemofilus influenzae af gerð b (Hib)	Barkaloksbólga, blóðsýkingar, heilahimnubólga, lungnabólga og beinsýkingar. Allt að 10–20% þeirra sem fá heilahimnubólgu fá heilaskaða og/eða heyrnartap.	Allt að 10% þeirra sem sýkjast.
Hettusótt (<i>mumps</i>)	Heilabólga, heyrnaskerðing, bólga í brjóstum, briskirtli, eggjastokkum eða eistum (bólga í kynkirtlum eftir kynþroska getur valdið ófrjósemi).	Hettusótt veldur sjaldan dauða.
Hlaupabóla* (<i>varicella</i>)	Heilabólga, blæðandi lungnabólga, bakteríusýkingar í kjölfarið. Ristill síðar á ævi sem getur valdið langvarandi verkjum eða blindu.	Sjaldgæft, um 1/100.000 sýkingum.
HPV (<i>Human Papilloma Virus</i>)	Árlega fá um 1700 konur forstigsbreytingar í leghálsi. 14–17 konur fá leghálskrabbamein. Önnur krabbamein tengd HPV eru sjaldgæfari en tíðni er ekki þekkt á Íslandi.	Um þrjár konur látast árlega á Íslandi af völdum leghálskrabbameins. Dánartíðni vegna annarra HPV tengdra krabbameina hérlendis er óþekkt.
Inflúensa (<i>influenza</i>)	Lungnabólga, heilabólga, bakteríusýkingar í kjölfarið.	Fer eftir aldri o.fl. Um 2-7/100.000 þýðis á ári.
Kikhósti (<i>pertussis</i>)	Langvarandi og þrálátur hósti. Börn yngri en 6–12 mánn.: Öndunarstopp (67%), lungnabólga (23%), krampar (1–2%), heilaskaði (0,5%).	Allt að 5% hjá börnum yngri en 6 mánn.
Meningókokkar C	Blóðsýking og/eða heilahimnubólga. Allt að 20% þeirra sem fá heilahimnubólgu fá heilaskaða.	Allt að 15% dánartíðni.
Mislingar (<i>morbilli, measles</i>)	Allt að 1% þeirra sem sýkjast fá alvarlega heilabólgu eða lungnabólgu. Aukin hættu er á alvarlegum bakteríusýkingum í kjölfarið á mislingum, mögulega í 3 mánuði eða lengur.	Um 0,1–0,2% dánartíðni hjá börnum, mögulega hærra hjá eldri einstaklingum.
Mænusótt (polio)	Um 0,5% fær viðvarandi vöðvalömun, lömun á þvagblöðru og/eða erfiðleika við öndun og kyngingu.	Allt að 10% þeirra sem fá lömun deyja.
Pneumókokkar (<i>Strep. pneumoniae</i>)	Heilahimnubólga, blóðsýkingar og lungnabólga. Um 10–20% þeirra sem fá heilahimnubólgu fá alvarlegan heilaskaða.	Um 10–60% þeirra sem eru með blóðsýkingu með eða án heilahimnubólgu deyja.
Rauðir hundar (<i>rubella</i>)	Getur valdið liðbólgu og heilabólgu. Veikist kona á fyrstu mánuðum meðgöngu eru allt að 85% líkur á fósturskaða s.s. heyrnaskerðingu, blindu, vansköpun, hjartagalla, vaxtarskerðingu og jafnvel fósturláti.	Rauðir hundar valda fósturlátum og stuðla að nýburadauða vegna fósturskaða en sjaldan öðrum dauðsföllum.
Stífkrampi (<i>tetanus</i>)	Eitur bakteríunnar veldur vöðvakrömpum, hjarta- og lungnabilun.	Um 50% dánartíðni.

*Almenn bólusetning barna við hlaupabólu hófst 2020, með fæðingarárgangi 2019